

## Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 18. janúar 2023

### Tillaga um umferðaröryggisaðgerðir í Skeifunni

Lagt er til að farið verði í minniháttar aðgerðir til að bæta umferðarmál í á skeifusvæðinu. Skoðað verði meðal annars að:

- Setja beygjuvasa til að auðvelda akstur inn á stæði Elko/Krónunnar.
- Bæta gönguleið meðfram götunni Skeifunni, frá Grensásvegi að verslun Hagkaupa.
- Setja upp stæði fyrir örfláðilausnir.

### Greinargerð

Skeifan er og hefur verið vinsælt verslunarsvæði fyrir borgarbúa. Fyrirhugað er að að svæði Skeifunnar taki nokkrum breytingum á næstu árum í samræmi við sambykkt rammaskipulag. Hins vegar er ljóst að margt væri unnið með því að bæta aðgengi nú þegar. Rekstraraðilar hafa fundað með borginni og komið með ábendingar um tímabundnar lausnir til að liðka fyrir umferða allra faramáta á svæði.

Bent hefur verið að á umferð stoppi gjarnan vegna beygju inn á bílastæði í nýju verslunarhúsnæði sem í dag hýsir Krónuna og Elko. Nefndar hafa verið lausnir eins og beygjuvasi til að minnka líkur á því að bílar sem beygi stoppi þá umferð sem á eftir þeim kemur.

Þá hefur oft verið rætt um að bæta gönguleiðir á svæðinu. Þótt gangstéttir eru á flestum stöðum eru þær tittr skornar af innkeyrslum og sums staðar mjóar. Merkja mætti betur gönguleið frá Grensásvegi að Hagkaupum, og lengra, eins og gert var við Gömlu Höfnina og hækka upp veginn á völdum innkeyrslum til að bæta upplifun gangandi vegfarenda.

Loks mætti skoða að setja upp skipulögð stæði fyrir örfláðilausnir á völdum stöðum t.d. við stærri verslanir, líkt og gert hefur verið á Hlemmi til að auðvelda notendum rafhlaupahjóla eða leggja þeim á skipulagðan hátt og minnka óþægindi fyrir að aðra vegfarendum vegna tækja sem lögð eru á gönguleiðum.